

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Guðbjörg B. Pálsdóttir
Umdæmisféhirðir 2012-2013
Fagrabergr 52, 221 Hafnarfjörður
umdaemisfehirdir@kiwanis.is / fagrabergr@islandia.is

Skýrsla umdæmisféhirðis til Umdæmisstjórnarfundar sem haldinn er að Bíldshöfða 12 þann 13. apríl 2013 vegna tímabilsins janúar – mars 2013.

Nú þegar starfsárið er hálfnað er staðan þannig að einn klúbbur skuldar enn fyrri hluta gjaldanna sem voru með eindaga 1.des s.l. Það er ekki nógu gott en ég á nú von á að þetta komi mjög fljótlega. Greiðsluseðlar vegna seinni hluta gjaldanna eða 40 % fóru út í vikunni en gjalddaginn er 15.apríl og eindagi 1.maí. Þrír klúbbar er þegar búnir að greiða sá ég í gær þegar ég kíkti í heimabankann.

Það er erfiðara að fylgjast með stöðunni á erlendu gjöldunum en Hjördís umdæmisstjóri fékk sendan vanskilalista frá Evrópuskrifstofu í febrúar og kom þá í ljós að þó nokkrir klúbbar höfðu ekki greitt, en eindaginn á þeim var 15.des. Þetta er oft þungt í vöfum þar sem reikningarnir eru sendir til ritara klubbanna og fara stundum á flakk svo ég fékk send afrit af reikningum umræddra klúbba að utan og sendi á féhirða. Við höfum ekki fengið aftur lista frá skrifstofunni svo ég vona að allir hafi klárað sín mál.

Á þessu tímabili hafa húsnæðiskaupin verið efst á baugi, bæði að finna húsnæði og síðan pappírsvinnan í kringum kaupin svo það hefur verið nóg að snúast í kringum það. Síðan er stjórnin ásamt fleiri félögum, mökum og jafnvel börnum búnir að vera á fullu í að undirbúa húsnæðið og græja og gera svo hægt væri að halda þennan fund í þessu glæsilega húsnæði sem hreyfingin hefur fest kaup á. Ég er ekki í vafa um hér á okkur eftir að líða vel og bara frábært að hreyfingin sé loksins komin heim eftir mikið flakk með fundi og föggur milli húsa.

Ég hef líka verið aðeins á ferðinni og heimsótt nokkra klúbba með umdæmisstjóra t.d. Hof, Hraunborg, Vörður og meira að segja komst ég vestur á Ísafjörð að heimsækja Bása. Þetta voru allt mjög skemmtilegar heimsóknir og gefur manni alveg nýjan vinkel á kiwanisstarfið að hitta fullt af nýju fólki svona í návígi. Bara gaman í Kiwanis.

Síðan, ykkur til upplýsingar og auðvitað ánægju og yndisauka verður á eftir lagt fram 6 mánaða uppgjör sem sýnir lauslega stöðuna þann 31.mars.

Með Kiwaniskveðju

Guðbjörg B. Pálsdóttir
Umdæmisféhirðir 2012-2013

